



Hreppsnefnd 22. febrúar 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 22. feb. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafpór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri

Varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og síðan var gengið var til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. febr. sl. Farið var yfir fundargerðina og hún síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 14. feb. sl. Hreppsnefndin samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra og formanni skólanefndar og ganga frá samningamálum við skólastjóra og kennara tónlistaskólans.

3. mál. Reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteingaskatti. Lagt fram til kynningar.

4. mál. Skýrsla starfshóps um starfsemi Skólaskrifstofu Austurlands. Bréf frá form. nefndar um málefni Skólaskrifstofu Austurlands ásamt skýrslu lagt fram til kynningar.

5. mál. Kjarnorkuvopalaus sveitarfélög, bréf frá samtökum herstövarandstæðinga. Í bréfinu er skýrt frá samtökunum og ýmsum yfirlýsingum og samþykktum um kjarnorkulaus sveitarfélög. Sveitarstjórnin samþykkir að Vopnafjarðarhreppur verði kajrnorkuvopnalaus sveitarfélag.

6. mál. Fundur með vegamálastjóra 13. feb.sl. Sveitarstjóri sagði frá fundi sínum með vegamálastjóra.

7. mál. Hafnarmál, staða mála, bréf til þingmanna Austurlands. Kynnt bréf sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps. Fundur með þingmönnum Austurlands verður mánudaginn 26. feb. og samþykkt var að form. hafnarnefndar ásamt efstu mönnum lisanna fara á fundinn með sveitarstjóra.

8. mál. Staðardagskrá 21, einnig tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 8. feb. sl. Samþykkt að fela sveitarstjóra að fá framkvæmdastjóra Staðardagskrá 21 til þess að halda kynningafund um verkefnið á Vopnafirði. Í framhaldi af því verði tekin ákvörðun um þáttöku Vopnfjarðarhrepps í verkefninu.

9. mál. Samkomulag um brunavarnir í Vopnafjarðarhreppi, Skeggjastaðahreppi og Þórshafnarhreppi. Samþykkt samhljóða samkomulagið um brunavarnir hreppanna.

10. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Mótun á nýju sveitarfélagi, fundargerð stjórnarsýsluhlóps frá 9. feb. sl., og tilkynning um fjárframlag til verkefnisins.

b) Verkefnisstjórn STAR frá 8. feb. sl.

c) Fréttabréf SSA tímabil júlí-des. 2000,úg. jan. 2001.

Önnur mál. Aðalbjörn þakkaði sveitarsjóra fyrir góða grein um Vopnafjörð í Sveitarstjóranarmálum. Ýmis mál sem varða framkvæmdir í sveitarfélaginu voru til umræðu.